

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
heiðurssamkomu í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá
fæðingu Ármanns Snævarr. Haldið á Hátíðasal
miðvikudaginn 18. september 2019 kl. 16.**

Forseti Hæstaréttar, fjölskylda Ármanns Snævarr, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér í upphafi þessarar heiðurssamkomu sem haldin er í tilefni af því að í dag eru liðin 100 ár frá fæðingu Ármanns Snævarr, prófessors, hæstaréttardómara og fyrrverandi rektors Háskóla Íslands.

Gunnsteinn Ármann Snævarr fæddist í Neskaupstað 18. september 1919. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1938 og embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands á lýðveldisárinu 1944. Að því búnu stundaði hann framhaldsnám í Uppsölum, Kaupmannahöfn og Osló, en síðar lagði hann stund á frekara nám og rannsóknir við Harvard Law School í Massachusetts í Bandaríkjunum. Ármann var skipaður prófessor í lögum við Háskóla Íslands 1948 og gegndi því starfi allt til ársins 1972. Árið 1960 var Ármann kjörinn rektor Háskóla Íslands og gegndi því starfi í níu ár, samfelld lengur en nokkur annar rektor á undan honum. Sýnir þetta vel hversu mikils

trausts hann naut í háskólasamfélaginu. Ármann var skipaður hæstaréttardómari árið 1972 en lét af því embætti árið 1984.

Ármann var mikilvirkur og mikilsvirtur fræðimaður og eftir hann liggur fjöldi kennslurita og annarra fræðirita um lögfræðileg málefni. Það er til marks um vinnusemi hans að vorið 2008, þegar Ármann var á 89. aldursári, sendi hann frá sér mikið fræðirit um hjúskapar- og sambúðarrétt.

Kennsluferill Ármanns við Háskóla Íslands spannaði hálfra öld og hlotnaðist honum margvíslegur heiður á innlendum og erlendum vettvangi. Hann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands árið 1993 og einnig við nokkra erlendra háskóla. Í tengslum við níræðisafmæli Ármanns var sett á fót við Lagadeild Háskóla Íslands Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Ármann lést 15. febrúar 2010 á nítugasta og fyrsta aldursári.

Sem rektor Háskóla Íslands beitti Ármann sér fyrir margvíslegum framfaramálum. Í því sambandi er vert að geta sérstaklega um áherslu hans á að efla Háskóla Íslands sem rannsóknastofnun. Kemur þetta skýrt fram í ræðu sem hann hélt við upphaf rektorstíðar sinnar, við vígslu Háskólabíós á hálftrar aldar afmælishátíð Háskóla Íslands haustið 1960. Þar lýsir Ármann því að Háskólinn hafi slitið barnsskónum og standi á tímamótum. Skólinn hafi fram að því einkum verið fræðslustofnun, en nú væri úrslitaatriði að blása til sóknar og efla

rannsóknastarfið og bæta alla aðstöðu til rannsókna. Lagði Ármann jafnframt ríka áherslu á að í þessu sambandi væri horft til þess sem best væri gert á alþjóðlegum vettvangi. Í annarri ræðu sem Ármann hélt undir lok rektorstíðar hans árið 1968 var honum efling Háskólans sem rannsóknastofnunar enn ofarlega í huga og hafði hann um það þau meitluðu orð að “Ef skóli er ekki rannsóknarstofnun, er hann ekki háskóli nema í orði kveðnu.”

Nefna mætti mörg fleiri áherslumál sem Ármann beitti sér fyrir í rektorstíð sinni. Þannig voru honum aukið námsframboð og nútímavæðing kennsluhátta ætíð ofarlega í huga.

Einnig er vert að geta þess að Ármann lagði ríka áherslu á málefni kvenstúdenta og hvatti þá til dáða, en á þessum árum var hlutfall kvenstúdenta í mörgum greinum lágt og brotthvarf þeirra úr námi mikið. Óhætt er að segja að Ármanni hafi orðið að ósk sinni því stúdentum og kandidateitum úr hópi kvenna átti eftir að fjölga mikið á næstu árum og áratugum og er nú svo komið að meirihluti nemenda og brautskráðra kandidateita eru konur.

Að endingu vil ég geta að Ármann beindi ekki aðeins sjónum að akademísku hlutverki Háskólans, kennslu og rannsóknum, heldur var menntahugsjón hans víðtæk. Kemur þetta skýrt fram í orðum sem hann lét falla við skólasetningu árið 1962. Þar sagði hann við nýstúdenta: “Verið brennandi í andanum [...]. En unnið yður jafnframt

færis á að fást við sitt hvað annað en námsgrein yðar, sem gerir yður að meiri mönnum, víðsýnni og skyggjari á fegurð og sönn verðmæti mannlegs lífs. Njótið eftir föngum lista og fagurra bókmennta [...].”

Ármani þótti alla tíð vænt um skólann sinn og að vissu leyti má segja að hann hafi verið *spiritus rector* Háskóla Íslands langt eftir að hann lét af embætti. Þannig kom hann ætíð í heimsókn á rektorsskrifstofu þegar nýr rektor hóf störf og árum saman leit hann af og til við á skrifstofunni til að kasta kveðju á starfsfólkið og líta til með hlutunum.

Góðir gestir, ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri og gef nú Þorgeiri Örlygssyni, forseta Hæstaréttar, orðið.

Takk fyrir.